

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 29/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997(¹).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB frá 11. júní 1997 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/756/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi
ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og efturvagna þeirra(²) skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 76/756/EBE) í I. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- **397 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB frá 11. júní 1997 (Stjtíð.
EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 1).”.

(¹) Stjtíð. EB nr. L 134, 7.5.1998, bls. 4 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 13.

(²) Stjtíð. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun bessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. april 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar Formaður

F. Barbaso

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner